



Fjölbautaskóli
Suðurlands

Lífeðlis- og líffærafræði
LÍOL2IL05
Kennsluáætlun Haustönn 2024

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: ÍP

Kennslugög:

1. *Líffæra- og lífeðlisfræði II. bindi.* Regína Stefnisdóttir (IÐNU 1995).
2. *Human Anatomy Coloring Book, ljósrit frá kennara.*
3. *Glærur, skyggjur, ljósrit.* Nánar kynnt í kennslustundum.

Lýsing

Markmið áfangans er að nemendur öðlist þá grundvallarþekkingu og skilning á byggingu og starfsemi mannslíkamans, sem er nauðsynleg fyrir frekara nám og störf á heilbrigðissviði. Farið er í byggingu og starfsemi hringrásarkerfis: blóð, hjarta, blóðæðar, blóðþrýstingur og stjórnun hans; vessakerfis: vessalíffæri, varnir, ónæmi; öndunarkerfis: öndunarvegur, lungu, öndunarhreyfingar, loftskipti, stjórnun öndunar; meltingarkerfis: aðal- og aukalíffæri meltingar, melting og stjórnun hennar; þvagkerfis: nýru, þvagblaðra, þvagpípur, þvagrás, þvagmyndun; æxlunarkerfis: innri og ytri kynfæri, myndun kynfrumna, kynhormón, tíðahringur. Auk þess er farið í grundvallaratriði fósturþroska. Fjallað er um hvernig starfsemi allra líffærakerfanna tengist innbyrðis og hvernig hún viðheldur innri stöðugleika líkamans. Öll líffærafræðileg umfjöllun gengur út frá latneskri nafngiftafræði.

Forkröfur LÍOL2SS05

Pekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ytri og innri gerð líffæra þeirra líffærakerfa sem fjallað er um og latnesk heiti þar að lútandi
- starfsemi þeirra líffærakerfa sem farið er yfir
- hvernig starfsemi líffærakerfanna tengist innbyrðis og viðheldur innri stöðugleika líkamans.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
- tengja byggingu líffæra- og líffærahluta við starfsemi þeirra
- tengja í heild starfsemi líffærakerfanna
- rekja og útskýra flókin lífeðlisfræðileg ferli
- dýpka þekkingu sína í faginu með fjölbreyttri heimildavinnu
- vinna sjálfstæð kynningarverkefni.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í líffæra- og lífeðlisfræði í öðrum námsgreinum og starfi
- greina á milli heilbrigðrar líkamsstarfsemi og frávika frá henni
- taka þátt í faglegri umræðu er varðar líffæra- og lífeðlisfræði
- meta trúverðugleika töfralausna um bætta heilsu
- bera ábyrgð á eigin heilsu.


Lögð verður áhersla á erlend fræðiheiti.

Námsefni:

- 1-2.vika. Blóðið - 11. kafli
- 3 -4vika. Hjartað 12 kafli.
5. vika Hringrásir blóðs og vessa - 13 kafli
6. vika. Varnarkerfi – ónæmi – 14 kafli
7. vika Öndunarfæri – 15 kafli

Könnun

- 8.-9 vika. Meltingarkerfið – 16 kafli
10. vika Næring og efnaskipti – 17 kafli
11. vika Pvagfæri – 18 kafli
12. vika Vökva- og rakajafnvægi 19 kafli
- 13-14vika . Æxlun og þroski - 20-21 kafli/ hópverkefni og upprifjun.



Námsmat: *Vetrarvinna 30%* - Nemandi verður að skila 90% af tímvinnu og verkefnum á fullnægjandi hátt, á umsömdum skiladegi og að nemandi fái að lágmarki einkunnina 5.0 að meðaltali úr verkefnum annarinnar, til að öðlast próftökurétt. Einnig að mæting sé innan marka mætingareglna skólans

Lokapróf 70%

Nemendum er bent á að nota spurningarnar aftast í hverjum kafla.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga, ef þörf krefur

